

Óður til Afríku

„Í Afríku er eitthvað satt við fyrstu sýn í morgunsárið en er orðið lygi um hádegisbil“ (192) segir í nýútkominni bók eftir nóbelsskáldið Ernest Hemingway sem lést árið 1961. Í bókinni rekur hann skáldlegar endurminningar sínar frá því hann var í Afríku ásamt Mary, fjórðu og síðustu eiginkonu sinni. Þau hjónin bjuggu í tjaldbúðum við rætur Kilimanjaro-fjalls í Kenýa. Í bókinni er sagt frá samskiptum þeirra við innfædda, fjallað er um ættbálkaerjur og yfirgang hvíta mannsins, auk langra lýsinga á veiðiferðum þar sem bráðin er allt frá pattaralegum akurhænum til illvígra ljóna. Inn í söguna er fléttað einskonar ástarþríhyrningi en Hemingway er heillaður af ungri innfæddri stúlku þótt hann elski jafnframt konu sína heitt.

Þar sem ólæsi er mikið eru orð og samtöl gríðarlega mikilvæg. Í bókinni eiga langar samræður sér stað, persónur tala og tala og stundum eru samtölin m.a.s. endursögð í stuttu máli. Þegar talað er við innfædda er mikið slett af swahílí og aftast í bókinni er handhægt orðasafn til skýringar. Hemingwayhjónin tala mikið saman, samtölin eru löng og þreytandi enda kraumar óánægja og óþolinmæði undir niðri þrátt fyrir alla ástina. Mikil nálægð og samvera reynir mjög á þolrifin í þeim hjónum. Hemingway er óðum að sogast inn í frumstætt líf Afríku meðan Mary spyrnir við fótum. Hún rembist í barnalegri afbrýðisemi við að fella ljón og sækist þannig eftir ást og viðurkenningu manns síns. Hugur hans sveiflast annars vegar frá siðmenntaðri fegurð og greind hennar og hinsvegar til frumstæðs þokka og framhlepni Afríkustúlunnar. Þó er minna gert úr þessu í bókinni en efni standa til.

Undralönd Afríku eru sennilega óskiljanleg þeim sem ekki hefur komið þangað. Hemingway miðlar upplifun sinni af mikilli ástríðu og stundum svo skáldlega að erfitt er að skilja hvað hann á við: „Við vorum á leið inni óraunveruleik afrískrar veraldar sem varin er og víggirt af raunveruleik sem tekur fram öllum öðrum veruleik. Það var ekki veröld lífsflótta eða dagdrauma. Það var vægðarlaus og raunveruleg veröld samsett úr óraunveru þess sem verulegt er“ (130). Í textanum er höfðað er til allra skilningarvita; sólbrenndum víðáttum og grónum sléttum er lýst, maður finnur lykt af leðri, reyk, þurri mykju og svita og heyrir hýenuvælið í myrkrinu. Sagan er afar hæg, jafnhæg og lífið í Afríku. Líf hvíta mannsins á þessum slóðum er lúxuslíf - þjónar bera fram morgunverð, svo er lesið í bók í forsælunni, skroppið á veiðar, síðdegisblundur, tedrykkja, ljónakótiletur eða bufflasneið í kvöldmat, bjór við bálið, sofnað undir flugnaneti, legið andvaka og hugsað. Dagarnir eru allir eins og ekki hægt að muna meira en mánuð í einu í Afríku (42).

Hemingway hafði lagt ófullgert handrit bókarinnar til hliðar en sonur hans, Patrick, hefur búið það til prentunar nú, tæpum fjörutíu árum eftir dauða hans. Sagan er þung og harðsótt, kaflarnir eru langir og alvöruþrúgnir. Þýðing Sigurðar A. Magnússonar á þessum erfða texta er með miklum ágætum. Ást Hemingways á skín allstaðar í gegn. Þýðingar á löngum dýralífs-, veiði- og þjóðháttalýsingum eru sérlega vel af hendi leystar að ekki sé talað um ljóðræna kafla þar sem Sigurður er í essinu sínu. En alltaf er ankannalegt í þýðingu að sjá orð eins og bolaskít (222) fyrir *bullshit* og þá sérvisku að skrifa Amríkani (181) og Amríka (193). Satt við fyrstu sýn er tormelt bók, hún er allt í senn raunsæisleg skáldsaga að hætti Hemingways, sjálfsævisaga og tregafullur óður til Afríku, veraldar sem var.

Ernest Hemingway
Satt við fyrstu sýn
Sigurður A. Magnússon þýddi
Setberg, 1999